



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 20.5.2010

Efni: Breyting á lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum (EES-reglur, aukin vernd launamanna), 556. mál

Samtök atvinnulífsins hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

Með frumvarpinu er verið að færa 1. mgr. 1. gr. laganna aftur í rétt horf með því að tekið er fram að um sé að ræða aðilaskipti til annars vinnuveitanda á grundvelli framsals eða samruna en eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er lögnum ætlað að innleiða tilskipun Evrópusambandsins um sama efni, nr. 2001/23/EB.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar eru tekin af öll tvímæli um að við aðilaskipti að fyrirtæki í skilningi laganna færast allar skyldur fyrri vinnuveitanda á grundvelli ráðningarsamnings yfir til nýs vinnuveitanda, þar á meðal skuldir hans. Er það í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og tilskipunina.

Samkvæmt tilskipuninni er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um sameiginlega og óskipta ábyrgð bæði nýja og fyrri vinnuveitandans vegna skuldbindinga sem stofnað var til fyrir aðilaskiptin og tengjast ráðningarsamningi sem er í gildi við aðilaskiptin. Sú leið er ekki farin hér frekar en í Danmörku. Í sænsku lögum er hins vegar kveðið á um að fyrri vinnuveitandi, þ.e. framseljandi, sé þó einnig ábyrgur gagnvart starfsmanni vegna skuldbindinga sem stofnað var til fyrir aðilaskiptin. Fyrirvari um sameiginlega ábyrgð er einnig í norskum lögum.

Það er að mati SA að mörgu leyti skýrara varðandi samskipti við starfsmenn að ábyrgðin liggja óskipt hjá nýjum vinnuveitanda enda má gera ráð fyrir að kröfum verði almennt beint að honum. Fyrirtæki geta þá tekið tillit til þess í aðilaskiptasamningum sín á milli.

SA mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildru Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur